

fullábyrgaum félögum, því þar verða skiptin að fara fram á persónulegu varnarpingi félagsmannanna, til þess að persónuleg ábyrgð þeirra á skuldum félagsins verði gerð gild.

Samkvæmt tilskipun $\frac{2}{10}$ 1793 bera skipti þrotabúa undir skiptaráðanda þar, er sá, er skiptin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust, og í 2. gr. tilskipunarinnar er beint tekið fram, að þegar borgarar eiga heima utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem þeir hafa borgarétt, skuli þúum þeirra skipt af skiptarétti þar sem þeir eru heimilisfastir.

Samkvæmt framansögðu verður skiptarétturinn að lita svo á að þú firmans Tang & Riis verði að skipta á heimilisvarnarpingi eigendanna, sem er í Kaupmannahöfn, og verður því krafa eigenda firmans um að þú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta hér á Íslandi ekki tekin til greina.

Mánudaginn 24. okt. 1932.

Nr. 47/1932. **Valbjörg Kristmundsdóttir**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

gegn

Páli Þorleifssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. febr. 1932: Synji Páll Þorleifsson, bóndi á Hjarðarbóli í Eyrarsveit, eftir löglegan undirbúning á varnarpingi sínu fyrir það með eiði, að hafa haft holdlegt samræði við Valbjörgu Kristmundsdóttur á tímabilinu frá 10. sept. til 29. nóvember 1929, skal hann vera sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól $\frac{2}{10}$ 1930 og skýrt var Emil Ottó.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Valbjörg Kristmundsdóttir, hefir með stefnu, 4. apríl þ. á., og að fenginni gjafsókn

1. s. m., skotið máli þessu til hæstaréttar og gert þær kröfur, að henni verði veitt heimild til að staðfesta skýrslu sína með eiði, að stefndi verði samkvæmt því talinn faðir að barni hennar, er hún fæddi 26. júlí 1930, og að hann verði dæmdur til að greiða henni málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32, og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Með því áfrýjandi hefir ekkert sérstakt fært fram í málinu til stuðnings staðhæfingu sinni um samfarir sínar við stefnda, en hefir á hinn bóginn ekki verið fyllilega samkvæm sjálfri sér í skýrslum sínum fyrir dómi um sakaratriði, verður að láta úrslit málsins velta á synjunareiði stefnda, eins og héraðsdómarinn hefir gert, þó svo að tímabil það, sem við skal miða í eiðstafnum, verði frá 10. sept. til 29. okt. s. á. og eiðvinningarfrestur verði 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa. Ef stefndi vinnur synjunareiðinn, fellur málskostnaður niður fyrir báðum dómum, og greiðast þá málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjandi, er ákveðast 80 kr., úr rikissjóði.

En ef stefndi vinnur ekki eiðinn greiði hann málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál, þar með talin framangreind málflutningslaun talsmanns áfrýjandi.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir ranglega tekið ritlaun og staðfestingargjald dómsgjörða, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 27/1921.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Páll Þorleifsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjandi, Valbjargar Kristmundsdóttur, ef hann synjar þess með eiði, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, og innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft samfarir við áfrýjandi á tímabilinu 10. sept. 1929 til 29. okt. s. á. Á málskostnaður fyrir báðum dómum þá að falla niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjandi, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarmálaflutningsmanns, 80 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ef stefndur vinnur þar á móti ekki eiðinn þá skal hann talinn faðir að barni því, er áfrýjandi ól 26. júlí 1930, og greiði allan málskostnað, bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal áðurgreindar 80 kr. til talsmanns áfrýjandi, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 26. júlí 1930 ól stúlkan Valbjörg Kristmundsdóttir í Reykjavík sveinbarn, er skírt var Emil Ottó. Tilnefndi hún sem föður að barninu Pál Þorleifsson, bónda á Hjarðarbóli í Eyrarsveit, og krafðist þess, að barnsfaðernismál yrði höfðað gegn honum.

Fyrir lögreglurétti Reykjavíkur 24. sept. 1930 gaf kærandi þá skýrslu, að hún hefði verið á heimili kærða í kaupavinnu frá því seint í maí til 29. okt. 1929, og kveðst hún á þeim tíma hafa haft þrisvar til fjórum sinnum samræði við hann. Þá segir hún að samræðin hafi átt sér stað úti í hlöðu nema hið síðasta, er hafi farið fram inni í rúmi

í baðstofunni þegar allt heimilisfólk var úti við, og kveðst hún viss um að barnið sé getið þá.

Kærður hefir þverneitað því fyrir réttinum, að hann hafi nokkru sinni haft samfarir við kærandann og segir hann, að öll frásögn hennar sé uppspuni einn. Þá hefir hann bent á það til að hnekkja frásögn kæranda um hið síðasta samræði, er hafi átt sér stað í baðstofunni, að öllu heimilisfólki fjarverandi, að á heimili sínu hafi verið gömul kona og rúmliggjandi í baðstofunni, svo að þau hafi aldrei getað haft tækifæri til að vera þar ein.

Fyrir lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. dez. 1930, hefir kærandi breytt framburði sínum á þá leið, að það hafi verið um nótt, sem þau höfðu samræði í baðstofunni og hafi allt fólk, er þar svaf, þá verið í fasta svefni.

Um hinn breytta framburð kæranda hefir kærður sagt, að hann sé jafnrangur hinum fyrri. Bendir hann á í því sambandi, hversu ólíklegt sé, að hann hafi haft samræði við kæranda í rúmi hennar í baðstofunni að næturlagi, er það sé athugað, að barn svaf í sama rúmi og kærandi, og kona hans í rúmi rétt við. Krefst hann, að hann verði sýknaður í máli þessu, en til vara að sér verði gert að synja fyrir samfarir við kærandann með eiði.

Kærandinn hefir hinsvegar fyrir lögreglurétti Reykjavíkur 27. nóv. 1931 haldið fast við framburð sinn um það, að kærður sé faðir að barninu, og að frásögn hennar um samfarir þeirra, er hún gaf í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sé í öllum atriðum rétt. Krefst hún því að kærður verði dæmdur faðir að barninu, en til vara, að sér verði dæmdur eiður í málinu.

Samkvæmt vottorði ljósmóður, sem lagt hefir verið fram í réttinum, hefir barnið verið fullburða, er það fæddist.

Rétturinn verður að lita svo á, að þar sem kærandi hefir breytt mjög hinum fyrsta framburði, og viðurkennt, að hana hafi misminnt um samfarir sínar við kærða, og þar sem hinn síðari framburður hennar um samfarir eigi getur talizt mjög sennilegur, verða úrslit máls þess að vera komin undir synjunareiði kærðs, þannig, að svo framarlega sem hann vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi eigi haft holdlegt

samræði við kæranda á tímabilinu frá 10 sept. til 29. nóv., sé hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann talinn faðir að barninu.

Föstudaginn 28. okt. 1932

Nr. 121/1931. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
 gegn

Bruno Ziehm (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. okt. 1932: Kærður, Bruno Ziehm, sæti 15100 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Senator Schröder, H C 65 frá Cuxhaven, skulu upptæk til sama sjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er í máli þessu sannað með mælingum yfirmanna á varðskipinu „Ægi“ og mörkun forstöðumanns stýrimannaskólans á sjókorti, framlögðu fyrir hæstarétti, á stað varðskipsins og báts frá því og stöðu togarans H. C. 65 „Senator Schröder“ frá Cuxhaven, að hann var að veiðum með botnvörpu þann 20. okt. f. á. í minna en 3 sjómílna fjarlægð, talið út frá beinni línu milli Reynisdranga, er takmarka Mýrdalsflóann að vestan, og Kötlutanga, er takmarka hann að austan, en sú lína er styttri en 10 sjómílur. Hinn kærði skipstjóri á nefndum togará, Bruno Ziehm, hefir því gerzt sekur um botn-